

Skuldabréf og vextir í Excel

4 klst. endurmenntun

Yfirlit

4 klukkustunda námskeið í fjármálum. Námskeiðið er opið öllum er en hannað fyrir þá sem nú þegar hafa fjármálabakgrunn. Prófnefnd verðbréfaréttinda hefur staðfest að námskeiðið teljist til endurmenntunar. Námskeið er fer fram í kennslustofu Háskóla Íslands. Þátttakendur eru beðnir um að mæta með fartölvu með aðgang að Excel.

Efnisskrá

Námskeiðið fjallar um verðlagningu skuldabréfa, áhættustýringu skuldabréfasafna og mat á vaxtarófi. Markmiðið er að beita kenningum fjármálafræðinnar á raunhæf úrlausnarefni með aðstoð Excel og Visual Basic. Notast verður við raungögn við lausn hagnýts verkefnis. Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að kunna skil á þeim fræðum og þeirri aðferðafræði sem nýtist til að verðleggja skuldabréf, áhættustýra verðbréfasafni og meta vaxtaróf. Öllu kennsluefni verður dreift rafrænt til nemenda í upphafi námskeiðsins.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi fjármálareynslu úr námi og/eða starfi. Engar forkunnáttu er krafist er varðar Excel og Visual Basic.

Tímasetning

Uppfærðar dagssetningar má finna á skráningareyðublaðinu sem vísað er til hér að neðan. Eftir samkomulagi er einnig hægt að halda námskeið á öðrum dögum í starfsstöðvum fyrirtækja.

Verð

Verðið fyrir námskeiðið 39.000 kr. Gjaldið skal greitt við skráningu. Athugið að flest stéttarfélög niðurgreiða hluta námskeiðsgjalda fyrir sína félagsmenn.

Skráning

Til að skrá sig þarf að fylla út skráningareyðublað sem má finna hér: [Skráningareyðublað](#). Þar má einnig finna nákvæmar tímasetningar og staðsetningu.

Kennari

Úlf Níelsson, prófessor í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og umsjónarmaður meistaranáms í fjármálum. Úlf gegnir einnig dósentstöðu í fjármálum við Copenhagen Business School þar sem hann kennir í bæði meistara- og MBA-námi. Hann vinnur jafnframt reglulega sem ráðgjafi í atvinnulífinu og í dómskerfinu. Úlf lauk doktorsprófi í hagfræði við Columbiáháskólann í New York og útskrifaðist þar áður með M.Phil. gráðu í fjármálhagfræði frá Cambridgeháskóla í Englandi. Rannsóknir Úlfs snúa að fjármálamörkuðum og samspili þeirra við fjármál fyrirtækja og heimila. Úlf hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir rannsóknir sínar, m.a. hin evrópsku De la Vega verðlaun, hin dönsku Sapere Aude verðlaun og Tietgen gull viðurkenninguna. Úlf hefur einnig hlotið viðurkenningar fyrir framúrskarandi kennslu við bæði Columbia og Copenhagen Business School.